

## Bárðardalsvegur vestri, Þingeyjarsveit

### Ákvörðun um matsskyldu

#### 1 Inngangur

Þann 24. september 2024 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Vegagerðinni um fyrirhugaðar framkvæmdir við Bárðardalsveg, Þingeyjarsveit, samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Framkvæmdin er að umfangi undir viðmiðunarmörkum í flokki B í 1. viðauka en fyrirhuguð innan verndarsvæði, sbr. iii. lið 2. tölul. 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Þingeyjarsveitar, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar, Rarik og Umhverfisstofnunar.

#### 2 Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Bárðardalsvegur vestri (842-01) Hringvegur – Öxará. Fyrirspurn um matsskyldu. Vegagerðin. September 2024.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Þingeyjarsveit dags. 28. október 2024,
- Fiskistofu dags. 15. nóvember 2024,
- Hafrannsóknastofnun dags. 23. október 2024,
- Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra dags. 24. október 2024,
- Minjastofnun Íslands dags. 30. september 2024,
- Náttúrufræðistofnun dags. 28. október 2024,
- Rarik dags. 15. október 2024,
- Umhverfisstofnun dags. 22. október 2024.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila dags. 7. nóvember 2024.

#### 3 Fyrirhuguð framkvæmd

Fyrirhuguð framkvæmd felst í vegagerð á Bárðardalsvegi, milli Hringvegar og Öxarárvegar í Bárðardal í Þingeyjarsveit. Að mestu er um að ræða endurbyggingu núverandi vegar á um 3 km kafla milli Hringvegar, skammt sunnan brúar yfir Hróteyjarvísl, að heimreið við Öxará í Bárðardal. Tvíbreið brú verður byggð yfir Öxará og vegurinn lagður klæðingu. Áætluð efnisþörf er 39.600 m<sup>3</sup> úr tveimur námum í landi Öxará og skeringum meðfram vegi. Áætlað er að framkvæmdir hefjist árið 2025 og ljúki haustið 2026.

#### 4 Umhverfisáhrif

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Vegagerðarinnar og umsögnum umsagnaraðila.



## Áhrif á jarðmyndanir, verndarsvæði, landslag og ásýnd

Í greinargerð Vegagerðarinnar kemur fram að Bárðardalshraun sé eitt þriggja hrauna sem hylji dalsbotn Bárðardals. Skjálfandafljót og önnur vatnsföll í Bárðardal hafi borið fram mikið magn af seti út í hraunið og er það víða hulið setlögum. Um 3 ha af hraunsvæði muni koma til með að raskast og telur Vegagerðin áhrifin neikvæð á jarðmyndanir þar sem fyrirhuguð framkvæmd liggja um verndaðar jarðmyndanir. Stórum hluta framkvæmdasvæðisins hafi áður verið raskað með vegagerð og landbúnaði og því telur Vegagerðin að fyrirhuguð framkvæmd muni hafa óveruleg áhrif á verndarsvæði, landslag og ásýnd. Vegkaflar núverandi vega sem ekki nýtast að framkvæmdum loknum verða jafnaðir út og afmáðir í samráði við landeigendur. Um sé að ræða samtals 1,2 ha af núverandi Bárðardalsvegi vestri og 0,18 ha af núverandi Hrifluvegi.

Í umsögn Umhverfisstofnunar er bent á að fjalla þurfi nánar um hraunið og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask á því sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga. Bendir stofnunin á að rökstyðja þurfi þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum fyrir því að þeir urðu ekki fyrir valinu. Umhverfisstofnun bendir einnig á að nauðsynlegt sé að finna leiðir við framkvæmdina sem raski sem minnst öröskuðum hraunum. Stofnunin telur að lagning vegarins í hraunið hafi talsvert neikvæð umhverfisáhrif í för með sér á þeim svæðum þar sem óraskað hraun sé fyrir. Röskun á hrauni er að stærstu leyti varanleg og óafturkræf. Umhverfisstofnun leggur áherslu á að við framkvæmdina verði gætt að verndarsvæðinu og að framkvæmdin teygi sig ekki inn á skilgreint verndarsvæði. Telur stofnunin að ef vandað er til verka muni framkvæmdin hafa óveruleg áhrif á verndarsvæðið. Umhverfisstofnun telur jákvætt að hugað sé að ásýnd svæðisins að framkvæmd lokinni og gamla brúin ásamt vegköflum sem ekki verða endurbyggðir verði fjarlægðir. Óljóst sé hvort að til standi að fjarlægja stöpla brúarinnar líka við framkvæmdina. Þá vekur Umhverfisstofnun athygli á því að framkvæmdir við að fjarlægja eldri brú geti einnig valdið raski á lífríki Öxarár.

Í svörum Vegagerðarinnar kemur fram að fyrirhuguð framkvæmd sé fyrst og fremst umferðaröryggisaðgerð sem farið verði í af brýnni nauðsyn. Ekki sé um aðra kosti að ræða og útilokað að uppfylla þau öryggisskilyrði sem stefnt sé að með annarri útfærslu en hér sé kynnt. Um algjöra lágmarksaðgerð sé að ræða. Verndarsvæðið umhverfis Goðafoss verði ekki fyrir áhrifum vegna framkvæmdanna. Verndarsvæðið er að langstærstu leyti austan Öxarárkvísar og hvergi verður farið nærri bökkum kvísarinnar. Framkvæmdasvæðið hefur verið þröngt afmarkað verður að jafnaði um 20-30 m breitt á framkvæmdatíma, og að mestu innan þegar raskaðs svæðis.

## Áhrif á lífríki Öxarár

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að Hafrannsóknastofnun hafi rannsakað botngerð og lífríki Öxarár í tengslum við þverun árinna neðan núverandi brúar. Athugun var gerð á væntanlegu brúarstæði eða stæði fyrir ræsi og áhrifin metin. Byggð verður brú á Öxarár í einu hafi og mun framkvæmdin að mati Vegagerðarinnar hafa óveruleg áhrif á lífríki Öxarár. Sótt verður um leyfi hjá Fiskistofu áður en framkvæmdir hefjast og haft samráð við Hafrannsóknastofnun um framkvæmdir og framkvæmdatíma.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar er bent á að vegna sérstöðu botngerðar Öxarár og mikils þéttleika seiða er eindregið hvatt til þess að sem allra minnst verði hróflað við botni Öxarár. Að öðru leyti er talið að lágmarka megi áhrif svo þau verði einungis staðbundin og tímabundin. Gert er ráð fyrir að ræsum verði komið fyrir þar sem vænta megi vatnsrennslis. Ekki liggja fyrir frekari upplýsingar frá Vegagerðinni en mikilvægt er að tilhögun sé þannig að ræsi rjúfi ekki samfellu vatns og verði fiskgeng ef fiskar eru í viðkomandi vatni. Bendir Hafrannsóknastofnun á að sérstaklega þurfi að hafa í huga til að lágmarka áhrif á lífríki að gæta þess að hafa sem minnst áhrif á vatn vatnsfalla og tjarna svo sem að grugga það upp að óþörfu, hindra að olía, sement, steypa, smit frá vinnuvélum og tækjum eða önnur skaðleg efni berist í eða við vatn. Reynt skal að takmarka framkvæmdasvæðið



og umferð farartækja um vatn og vatnsfarvegi eins og kostur er og ganga frá framkvæmdastað þannig að hætta á að lífríki skaðist sé í lágmarki.

Í umsögn Fiskistofu er tekið undir með því sem fram kemur í umsögn Hafrannsóknastofnunar, auk þess sé að mikilvægt að haga framkvæmdum þannig að dregið verði sem mestu úr áhrifum á lífríki í vatni og þess gætt að framkvæmdirnar leiði ekki til þess að óæskileg efni berist í vatnið.

Í svörum Vegagerðarinnar kemur fram að brúin yfir Öxará verður byggð í einu hafi og ekki sé gert ráð fyrir að hróflað verði við botni árinna. Vegsvæðið sé mjög þurrt og t.a.m. engin ræsi í núverandi vegkafli. Fyrirhugað sé að setja ræsi í nýjan og endurbýggðan veg til að draga úr áhrifum á vatnafar og verða þau grafin niður að hluta til að tryggja að jarðefni safnist í botn ræsanna og samfella haldist í farveginum. Til að lágmarka áhættu á mengunarslysi á framkvæmdartíma er verktaka skylt að sinna viðhaldi og eftirliti véla og tækja með markvissum hætti. Útbúið verður sérstakt áfyllingarsvæði á landi þar sem áfylling olíu á vélar fer fram til að tryggja að olía og önnur mengandi efni, berist ekki í jarðveg utan við skilgreint svæði, komi til óhappa. Sama gildi um geymslu á mengandi efnum á verktíma.

### **Áhrif á vatnafar**

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhuguð framkvæmd þverar straumvatnshlotið Öxará. Þá liggur stærstur hluti núverandi Bárðardalsvegur vestri innan grunnvatnshlotsins Kinnarfells (102-68-G) og um nyrsta hluta grunnvatnshlotsins Hofs- og Nýjabæjarafréttar (102-286-G). Ekkert skráð álag er á ofangreind vatnshlot skv. Vatnavefsjá. Það sé mat Vegagerðarinnar að ekki sé hætta á að umhverfismarkmið vatnshlotanna náist ekki vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Til að draga úr áhrifum á vatnafar verði ræsi hönnuð fyrir 100 ára flóð árvatns. Þau verða grafin niður um 10-20 % af þvermáli og tryggt að jarðefni safnist í botn ræsanna og samfella haldist í farveginum. Brúin verður byggð í einu hafi og ekki gert ráð fyrir að hróflað verði við botni árinna. Til að lágmarka áhættu á mengunarslysi á framkvæmdartíma verður verktaka skylt að sinna viðhaldi og eftirliti véla og tækja með markvissum hætti, auk þess sem útbúið verður sérstakt áfyllingarsvæði, líkt og fram hefur komið.

Í umsögn Umhverfisstofnunar er bent á að til þess að hægt sé að leggja mat á áhrif framkvæmdarinnar á vatnshlotin í samræmi við lög um stjórn vatnamála þarf að liggja fyrir áhrifamat þar sem fram fer mat á áhrifum á gæðabætti vatnalaga. Fram kemur í greinargerð að það sé mat Vegagerðarinnar að ekki sé hætta á að umhverfismarkmið vatnshlotanna náist ekki vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Í ljósi þess að ekki hafi farið fram mat á gæðabáttum vatnalaga eru ekki forsendur til að meta það hvort framkvæmdin geti haft slík áhrif. Í ljósi þess telur Umhverfisstofnun að áhrif framkvæmdarinnar á vatn séu óljós.

Í svörum Vegagerðarinnar kemur fram að samráð verði við Hafrannsóknastofnun og Umhverfisstofnun varðandi vinnu við áhrifamat á vatnshlotin. Leiðbeiningar um gerð áhrifamats á vatnshlot hefur skort en þær eru nú í vinnslu hjá Umhverfisstofnun.

### **Áhrif á gróðurfar**

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að láglandið á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði sé almennt vel gróið, en svæðinu hefur að mestu áður verið raskað með vegagerð og slóðum. Telur Vegagerðin að fyrirhuguð framkvæmd muni hafa óveruleg áhrif á gróður á framkvæmdasvæðinu.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar kemur fram að fyrirhuguð efnistaka verði úr tveimur námum í landi Öxarár. Annars vegar sé um að ræða setnámu sem er í notkun og er þar fyrirhugað að taka 10.500 m<sup>3</sup> af efni sem er skilgreint sem botn- eða leysingarruðningur. Hin náman, Öxará, er ekki lengur í notkun en ófrágengin og þar sé fyrirhugað að taka 17.500 m<sup>3</sup> úr nokkuð vel gróinni aurkeilu. Afmarkað svæði sé um 10 ha og samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar er þar m.a. að finna vistgerðir með mjög hátt verndargildi, eins og starungsmýravist og víðikjarrvist. Fram kemur



að lynghraunavist og fjalldrapamóavist, með miðlungs verndargildi séu algengastar þar sem veglínan verður færð og á vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar eru þar líka sýndir litlir blettir með víðikjarrvist og starungsmýravist með mjög hátt verndargildi. Þess ber þó að geta að mikil óvissa er í vistgerðakortinu þegar unnið er í þetta stórum mælikvarða. Ef þessar vistgerðir er að finna á fyrirhuguðum námusvæðum eða í vegstæðinu er æskilegt að þeim sé hlíft eins og mögulegt er.

Í svörum Vegagerðarinnar er bent á að náttúrufræðingur hafi farið um fyrirhugað framkvæmdasvæði og talið að starungsmýravist sé ekki á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, hvorki í nýrri veglínuné né á fyrirhuguðu námusvæði. Námusvæðin séu reyndar ríflega afmörkuð á uppdráttum með kynningarskýrslunni en verða afmörkuð þrengra við frekari hönnun framkvæmdarinnar. Þá verður nýtt vegstæði afmarkað þröngt sem ætti að lágmarka rask enn frekar.

### **Áhrif á landnotkun**

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhugað framkvæmdasvæði sé á landbúnaðarsvæði. Stærsti hluti framkvæmdasvæðisins er innan veghelgunarsvæðis núverandi vegar og námur sem fyrirhugað sé að nýta eru skilgreindar í nýju Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2023-2043. Framkvæmdin mun hafa óveruleg áhrif á landnotkun á svæðinu sem hún liggur um. Girt verður að nýju ef hrófla þarf við girðingum á framkvæmdatíma.

Í umsögn Rarik er bent á að háspennustrengur liggur innan veghelgunar á umræddum vegakafla. Hafa þarf samráð við RARIK um breytta útfærslu og finna þarf nýja lagnaleið fyrir streng í gegnum svæðið.

Í svörum Vegagerðarinnar kemur fram að samráð verði við Rarik vegna háspennustrengsins í veghelgunarsvæðinu.

### **Áhrif á mannlíf, útivist og ferðaþjónustu**

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að mannlíf á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði einkennist af umferð íbúa á svæðinu. Yfir sumartímamann verður mikil aukning á umferð vegna ferðamanna á leið að Aldeyjarfossi eða yfir Sprengisand. Öruggari og betri samgöngur munu hafa jákvæð áhrif á mannlíf, útivist og ferðaþjónustu.

### **Áhrif á dýralíf**

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að villt spendýr á svæðinu séu minkar, refir og mýs. Framkvæmdin getur haft tímabundin áhrif á fugla og annað dýralíf meðan á framkvæmdum stendur. Gert er ráð fyrir að áhrifin verði óveruleg.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar er bent á að framkvæmdasvæðið sé ekki á mikilvægu fuglasvæði en nokkuð getur verið af mófuglum í fjalldrapamóavist og lynghraunavist en um sé að ræða lítið svæði og áhrif á fuglalíf verða væntanlega ekki mikil.

### **Áhrif á fornleifar**

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að þrjár fornleifar séu skráðar á svæðinu. Vegagerðin mun fara að tilmælum Minjastofnunar um aðgerðir til að koma í veg fyrir að minjastaðir raskist og hafa ofangreindir minjastaðir verið merktir inn á uppdrætti. Þá verða þeir einnig kynntir í útboðsgögnum og girtir af eða merkt á áberandi hátt.



## 5 Skipulag og leyfi

Fyrirhuguð framkvæmd er ekki í samræmi við gildandi Aðalskipulag Þingeyjarsveitar 2010-2022. Unnið er að endurskoðun aðalskipulagsins og er framkvæmdin ekki í samræmi við kynnt drög að aðalskipulagi.

Framkvæmdin er háð framkvæmda- og byggingarleyfi Þingeyjarsveitar skv. skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi. Einnig þarf leyfi Fiskistofu vegna framkvæmda í eða við veiðivatn skv. lögum um lax- og silungsveiði og starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðar um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Leyfi þarf frá Minjastofnun Íslands ef raska þarf fornminjum skv. lögum um menningarminjar.

## 6 Niðurstaða

Um er að ræða vegagerð á Bárðardalsvegi, milli Hringvegur og Öxarárvegur í Bárðardal í Þingeyjarsveit. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlaða. Framkvæmdin er að umfangi undir viðmiðunarmörkum í flokki B í 1. viðauka en fyrirhuguð innan verndarsvæði, sbr. iii. lið 2. tölul. 2. viðauka laganna.

### **Eðli, staðsetning og eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar**

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdar, nýtingar náttúruauðlinda og/eða mengunar sbr. 1. tölul. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar og hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til landnotkunar, verndarákvæða, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd eða vegna fornleifa. Einnig ber að líta til álagsþols náttúrunnar, svo sem með tilliti til sérstæðra jarðmyndana, landslagsheilda og kjörlendis dýra sbr. 2. tölul. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Að endingu ber að skoða áhrif framkvæmdar í ljósi gerðar og eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdar, svo sem með tilliti til umfangs, eðlis, styrks og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, væntanlegs upphafs, tímallengdar, tíðni og afturkræfni áhrifa, samlegðaráhrifa með áhrifum annarra framkvæmda og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tölul. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Um er að ræða umfangslitla framkvæmd á að hluta innan raskaðs svæði. Tilfærsla veglínunnar, sem og breyting á gatnamótum mun raska hrauni sem fellur undir ákvæði laga um náttúruvernd, þar sem kveðið er á um sérstaka vernd tiltekinna vistkerfa og jarðminja. Samkvæmt því ber að forðast röskun þeirra nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Lögð er áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir. Skipulagsstofnun telur viðbúið að áhrif fyrirhugaðra framkvæmda verða óafturkræf en staðbundin á jarðmyndunina Bárðardalshraun. Telur stofnunin brýnt að í framkvæmdaleyfi verði kveðið á um frágang þannig að ummerki verði í lágmarki og verndargildi svæðisins rýrni ekki umfram það sem lagt er upp með.

Í ljósi sérstöðu botngerðar Öxarár og mikils þéttleika seiða hvetur Hafrannsóknastofnun eindregið til þess að sem allra minnst verði hróflað við botni árinna. Að öðru leyti er talið að lágmarka megi áhrifin svo þau verði einungis staðbundin og tímabundin. Skipulagsstofnun tekur undir með Hafrannsóknastofnun og telur brýnt að verktilhöggun verði með þeim hætti sem stofnunin leggur til og að framkvæmdasvæðið og umferð farartækja verði takmörkuð um vatn og vatnsfarvegi eins og kostur er. Framkvæmdin mun þvera straumvatnshlotið Öxará og liggja um áhrifasvæði grunnvatnshlotanna Kinnarfells og Hofs- og Nýjabæjarfréttar. Í ljósi umfangs og eðli



framkvæmdarinnar og þess að starfsemin felur ekki í sér losun efna í jarðveg eða grunnvatn er það mat Skipulagsstofnunar að framkvæmdin sé ólíkleg til að leiða til þess að ástand straumvatns- og grunnvatnshlotanna versni, en Skipulagsstofnun leggur áherslu að tryggt verði að mengandi efni berist ekki í jarðveg. Skipulagsstofnun minnir á að fyrrnefnd vatnshlot þurfa eftir sem áður að ná umhverfismarkmiðum sínum á grundvelli ákvæða vatnalaga og í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun, skv. lögum um stjórn vatnamála. Varðandi vistgerðir á svæðinu eru þær taldar algengar og með miðlungs verndargildi en á vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar koma fram litlir blettir með víðikjarrvist og starungsmýrarvist með mjög hátt verndargildi. Í kjölfar ábendingar Náttúrufræðistofnunar þess efnis, hafi náttúrufræðingur á vegum framkvæmdaraðila farið um svæðið og talið að starungsmýrarvist sé þar ekki að finna. Í ljósi þess og takmarkaðs umfangs og útbreiðslu viðkomandi vistgerða, telur Skipulagsstofnun að áhrifin verði óveruleg. Stofnunin tekur þó undir með ábendingu Náttúrufræðistofnunar, þ.e. finnst vistgerðir með mjög hátt verndargildi, verði þeim hlíft eins og kostur er. Framkvæmdasvæðið er ekki á mikilvægu fuglasvæði en nokkuð getur verið af mófuglum í fjalldrapamóavist og lynghraunavist en um er að ræða lítið svæði og því viðbúið að áhrif á fuglalíf því takmörkuð. Leiðbeinandi mótvægisáðgerðir voru lagðar fram í umsögn Minjastofnunar á fyrri stigum og brást Vegagerðin við og hliðraði veglínunni fjær þekktum minjum á svæðinu svo tryggt verði að þeim verði ekki raskað.

Með hliðsjón af umfangi, eðli og staðsetningu telur Skipulagsstofnun að áhrif af fyrirhugaðri vegagerð og efnistöku verði óafturkræf á jarðmyndanir en ólíkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif á aðra umhverfisþætti. Ljóst er að staðbundið mun ásýnd svæðisins taka nokkrum breytingum.

### **Ákvörðunarorð**

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 23. desember 2024.

Reykjavík, 19. nóvember 2024

Egill Þórarinnsson

Jón Smári Jónsson

